

Fundur haldinn í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps
mánudaginn 9. nóvember 2009 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 A, Reykhólum.
Fundargerðin rituð á tölvu og er hún ein blaðsíða að stærð.

Mættir: Egill Sigurgeirsson, Herdís Matthíasdóttir, Bogi Kristinsson Magnusen,
Sveinn Ragnarsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fundinn.

Dagskrá:

1. **0910033** Umsókn dags. 27. okt. s.l. frá Aðalsteini Valdimarssyni um stöðuleyfi fyrir 20' geymslugám við Bátasafn Breiðafjarðar við Maríutröð á Reykhólum. Samþykkt að veita stöðuleyfi til eins árs.
2. **0911002** Umsókn dags. 28. okt.sl. frá Olgu Guðrúnu Sigfúsdóttur, fyrir hönd fyrirhugaðra Þarabaða, um framkvæmdaleyfi fyrir jarð- og lagnavinnu fyrir Þarabaðahúsið á Reykhólum. Samþykkt með fyrirvara um samþykki umráðamanns jarðarinnar og landeiganda.
3. **0903060** Aðalskipulag Reykhólahrepps 2008-2018, breyting vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda í Flatey og breyting á deiliskipulagi við Bjarkalund. Nefndin mælir með að hreppsnefnd beiti sér fyrir nauðsynlegum breytingum á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda í Flatey og breytingu á notkun lóða á deiliskipulagi við Bjarkalund.
4. **0911004** Gjaldskrá fyrir Reykhólahöfn, endurskoðun. Farið var yfir gildandi gjaldskrá, sem er frá febrúar 2007, og hún endurskoðuð. Lagðar eru til hækkanir sem taka gildi 1. janúar 2010.

Til kynningar.

1. **0905040** Bréf dags. 9. október s.l. frá Guðmundi Páli Ólafssyni varðandi smábátahöfn í Flatey á Breiðafirði. Kynnt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:05.

Egill Sigurgeirsson (sign)
Herdís Matthíasdóttir (sign)
Bogi Kristinsson Magnusen (sign)
Sveinn Ragnarsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)